



17. febrúar 2023

Tilv.: 2301295

Dreifibréf númer: 4/2023

til greiðsluþjónustuveitenda og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2018/07) um skilyrði fyrir undanþágu frá viðbragðsaðgerðum skv. 6. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/389 um sterka sannvottun og örugg samskipti.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi skilyrði um undanþágu frá viðbragðsaðgerðum samkvæmt 6. mgr. 33. gr. reglugerðar ESB 2018/389 um sterka sannvottun og örugg samskipti (EBA/GL/2018/07).¹ Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 1. janúar 2019 og beinast bæði að eftirlitsstjórnvöldum og greiðsluþjónustuveitendum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Með lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sem tóku gildi 1. nóvember 2021, var tilskipun (ESB) 2015/2366 (PSD2) innleidd hér á landi. Á grundvelli heimildar í 2. mgr. 114. gr. setti Seðlabankinn reglur nr. 1220/2021 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu sem innleiða reglugerð (ESB) 2018/389 um sterka sannvottun og örugg samskipti.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar skilyrði 6. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/389 fyrir undanþágu frá viðbragðsaðgerðum vegna sérhæfðra netskilafлата. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. skulu greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu, við hönnun á sérhæfðum netskilafleti, koma á skipulagi og áætlun vegna viðbragðsaðgerða ef netskilaflöturinn virkar ekki í samræmi við 32. gr., ef hann er óvænt ekki tiltækur eða ef kerfið bilar. Samkvæmt 4. mgr. 33. gr. er greiðsluþjónustuveitendum heimilt að nota netskilafleti sem gerðir eru tiltækir notendum greiðsluþjónustu vegna sannvottunar og samskipta við greiðsluþjónustuveitanda, þar til sérhæfði netskilaflöturinn er aftur tiltækur og nær þeim afköstum sem um getur í 32. gr. Að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 6. mgr. 33. gr. veita lögbær yfirvöld, að höfðu samráði við EBA, greiðsluþjónustuveitendum undanþágu frá 4. mgr. Skilyrðin eru eftirfarandi: a) sérhæfði netskilaflöturinn uppfyllir öll skilyrði sem um getur í 32. gr., b) sérhæfði netskilaflöturinn er hannaður og prófaður í samræmi við 5. mgr. 30. gr., c) greiðsluþjónustuveitendur hafi almennt notað sérhæfða netskilaflotinn í a.m.k. þrjú mánuði til að bjóða upp á reikningsupplýsingaþjónustu, greiðsluvirkjun og til að veita staðfestingu á aðgengileika

¹ Guidelines on the conditions to benefit from an exemption from the contingency mechanism under Article 33(6) of Regulation (EU) 2018/389 (RTS on SCA & CSC)

fjármuna fyrir kortatengdar greiðslur og d) öll vandkvæði sem tengjast sérhæfða netskilafletinum hafa verið leyst án ástæðulausrar tafar.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar tiltekið hvenær sérhæfður netskilafloitur telst hannaður, prófaður og rekinn af ásættanlegum gæðum þannig að greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu þurfi ekki að bjóða upp á að nota netskilafloitur sem notaður er fyrir eigin þjónustu sem varaleið skv. 4. mgr. 33. gr., heldur fái undanþágu frá lögbæru yfirvaldi, frá þeirri kröfu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2018/07 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit banka, lífeyrissjóða og váttrygginga

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

